

um breyting á lögum nr. 40 frá 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

79. gr. laganna orðist svo:

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar til 16 ára aldurs barnsins, án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki. Aldrei greiðir Tryggingastofnunin þó hærri fjárhæð en sem nemur barnalífeyri samkvæmt 16. gr.

Tryggingastofnuninni er ekki heimilt að greiða meðlög lengra aftur í tímann en 3 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður er afhentur stofnuninni, nema um sérstakar ástæður sé að ræða, sem barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á, og getur þá tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur allt að 18 mánuði aftur í tímann.

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu meðlags með barni. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni meðlög skv. 1. mgr. vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlendis, eftir því sem meðlögin innheimtast, en fullnaðarskil skulu gerð í síðasta lagi fyrir 1. október næsta ár.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

2. gr.

Niðurlag 80. gr. laganna orðist svo:

enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga á sama hátt og í 79. gr. segir um endurkröfurétt á meðlagi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, enda eru frumvörpin tengd hvort öðru, svo sem fram kemur í ákvæðum þeirra beggja.

Meginbreytingin frá gildandi lögum kemur fram í 4. mgr. 1. gr., en samkvæmt henni verður það hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga eftir gildistöku laganna að endurgreiða Tryggingastofnuninni útlögð meðlög, en skylda einstakra sveitarfélaga fellur niður, hvað þetta snertir. Endurkröfuréttur Tryggingastofnunar á hendur barnsföður fellur niður, enda ekki gert ráð fyrir, að barnsfeðrum verði heimilt að endurgreiða meðlög til Tryggingastofnunarinnar eftir gildistöku laganna, heldur til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Orðalag 1. mgr. 79. gr. verður óbreytt frá því, sem nú er.

Varðandi ákvæði 2. mgr. 1. gr. er það að segja, að ástæðulaust virðist, að meðlagsréttur móður verki að öllum jafnaði lengra aftur í tímann en 3 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður er afhentur stofnuninni. Næði slíkur réttur lengra aftur í tímann, gæti það leitt til þess, að meðlagskröfur hlæðust upp og innheimta hjá barnsfeðrum yrði erfiðari. Hins vegar er ljóst, að þær aðstæður geta verið fyrir hendi, að réttmætt geti verið að greiða barnsmóður meðlag lengra aftur í tímann, t. d. ef útgáfa meðlagsúrskurðar hefur dregið vegna veikinda barnsmóður eða rekstrar barnsfaðernismáls. Er gert ráð fyrir því, að í slíkum undantekningartilvikum geti tryggingaráð heimilað greiðslu meðlaga til barnsmóður allt að 18 mánuði aftur í tímann.

Ákvæði 3. mgr. 1. gr. um tilkynningaskyldu Tryggingastofnunarinnar er ætlað að flýta því, að innheimta geti hafizt hjá barnsföður, þannig að ekki hafi safnast fyrir kröfur á hendur honum, þegar innheimta hefst. Ákvæði þetta virðist geta orðið til hagsbóta öllum aðilum og geta stuðlað að betri innheimtu.

4. mgr. 1. gr. hefur að geyma reglur um skil Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins, og virðast þær reglur ekki þarfnast skýringa.

Varðandi 2. gr. er það að segja, að Innheimtustofnun sveitarfélaga kemur í stað orðanna „barnsföður og sveitarfélagi“.